



**Helgi Grímsson**  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2020

### **Erindi til skóla- og frístundasviðs frá skólaráði Háaleitisskóla.**

Með vísan í niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið á síðust vikum, bæði meðal starfsmanna Háaleitisskóla, Álftamýri og Hvassaleiti og foreldra könnunar Reykjavíkurborgar fer skólaráð Háaleitisskóla fram á það við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur að fallið verði frá sameiningu Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og þeir fái aftur að starfa sem tveir sjálfstæðir skólar.

Niðurstöður könnunar meðal starfsfólks eru afgerandi. Starfsfólk beggja starfsstöðva þ.e. 94,83% telur að með þeirri tilraun sem staðið hefur yfir á þessu skólaári hafi skilvirkni aukist. Tilraunin felst í því að skólastjóri starfar á hvorri starfsstöð í 100% starfshlutfalli sem er mikil aukning frá því sem var þegar báðar starfsstöðvar voru á höndum eins skólastjóra. 98,27% starfsfólk upplifir viðveru skólastjóra á starfsstöð mjög jákvæða eða frekar jákvæða.

97,3% starfsfólks í Álftamýri er mjög sammála eða frekar sammála því að horfið verði frá sameiningu skólanna og Álftamýraskóli þjóni í framtíðinni nemendum í sínu hverfi frá 1. - 10. bekk. Þessi spurning var ekki lögð fyrir í Hvassaleiti en þar var spurt um hve sammála eða ósammála fólk væri ef Hvassaleitisskóli þjónaði nemendum í sínu hverfi frá 1.-7. bekk en þeir yrði svo hluti skólahverfis Réttarholtsskóla í 8.-10. bekk. 57,2 % var mjög eða frekar sammála þeirri tillögu.

Niðurstöður úr foreldrakönnun sýna að mikill meirihluti aðspurðra finna fyrir jákvæðum breytingum við það að hafa einn starfandi skólastjóra við hvora starfsstöð.



HÁALEITISSKÓLI

70,6% svarenda í Álftamýri eru mjög eða frekar jákvæðir gangvar þessari breytingu og 81,1% foreldra í Hvassaleiti. Þegar foreldrar eru spurðir að því hvort þeir séu hlynntir eða andvígir því að sameining skólanna gangi til baka kemur fram að 52,4% foreldra í Álftamýri eru mjög eða frekar hlynnt og 66,7% foreldra í Hvassaleiti.

Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að umfang skólastarfsins hefur aukist mikið á síðustu árum förum við fram á það við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar að sameiningu verði slitið sem fyrst svo hægt verði að hefjast handa við undirbúning næsta skólaárs, það er í mörg horn að líta og tíminn er naumur, sértaklega í ljósi þeirrar fordæmalausu stöðu sem uppi er í okkar samfélagi.

#### **Með kveðju frá skólaráði Háaleitisskóla,**

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir,  
skólastjóri

Ester Eyfjörð Ísleifsdóttir,  
skólastjóri Hvassaleiti

Guðni Kjartansson,  
aðstoðarskólastjóri Álftamýri

Iðunn Pála Guðjónsdóttir,  
deildarstjóri í Hvassaleiti

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir,  
fulltrúi kennara (Álf)

Jóhanna Gylfadóttir,  
fulltrúi kennara (Hva)

Eva Hafsteinsdóttir,  
fulltrúi foreldra (Hva)

Gróa Másdóttir,  
fulltrúi foreldra (Álf)

Bylgja Björnsdóttir,  
formaður foreldrafélags Háaleitisskóla, áheyrnarfulltrúi í skólaráði

Ægir Freyr Birgisson,  
forstöðumaður í Tónabæ og fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði